

Orðanefnd læknafélaganna - 99

Fundur var haldinn mánudaginn 20. mars 2023 kl. 16:30 að Laugavegi 13, Reykjavík, í húsnæði Stofnunar Árna Magnússonar og var þetta 99. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Magnús Jóhannsson, Reynir Tómas Geirsson, Runólfur Pálsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar. Gerður Aagot Árnadóttir hafði boðað forföll.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 98. fundar (20. febrúar 2023), sem send hafði verið nefndarmönnum í tölvupósti, var formlega samþykkt.

2. Orðabókarvinnan: Fyrir fundinum lágu þrjú orðalistar, sem frestað hafði á síðasta fundi.

a) Hydrocephalus (13 færslur):

Farið var yfir færslurnar og ýmsar athugasemdir gerðar. Athugasemdir sem Gerður Aagot hafði sent í tölvupósti lágu einnig fyrir. JHJ var falið að ganga frá færslunum til birtingar í Íðorðabankanum.

b) Mycosis (23 færslur):

Farið var yfir færslurnar og margvíslegar athugasemdir gerðar. Flestar færslurnar voru síðan samþykktar og JHJ falið að ganga frá þeim til birtingar. Um nokkrar færslur þarf að fá aðstoð sérfræðings á þessu sviði.

c) Bacteria: Fyrir fundinum lá yfirlit um heiti helstu bakteríuteygunda sem valda sýkingarsjúkdómi hjá mönnum og listi með enskum og tilsvarendi íslenskum heitum, þau síðarnefndu ýmis þýdd beint eða aðlöguð út frá ensku heitunum. Rætt var um að taka upp þá stefnu að hætta þýðingum á erlendum bakteríuheitum og taka í staðinn upp erlend bakteríuheiti með aðlögun að íslenskri stafsetningu (fyrst og fremst ensku eða latnesku fræðiheitin). Nefndin er almennt fylgjandi þessari stefnu, en skoða þarf málið nánar með sérfræðingum á sviðinu.

3. Önnur mál:

Rætt var óformlega um samheiti á svonefndum NSAID-lyfjum og um fyrirspurn sem barst um íslensku heitin á osteoporosis (beinþynning) og osteopenia (beingisnun).

Næsti fundur. Næsti orðanefndarfundur er ráðgerður mánudaginn 17. apríl 2023 á sama stað og tíma dags. JHJ mun að venju undirbúa fundinn og boða með dagskrá í tölvupósti.

Fundi var slitið um kl. 17:30. Fundargerð ritaði JHJ.